

Borgarbyggð
Þóra Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 11. maí 2021
UST202104-130/A.B.
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 –
Stafholtsveggir II**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 fyrir Stafholtsveggi II.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að breyta landnotkun á 4,5 ha svæðis í landi Stafholtsveggja II úr landbúnaði í verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðajónustu með gistingu, veitingasölu og mögulega annarri aðstöðu fyrir ferðamenn. Auk þess kemur fram hugmyndin er að breyta alifuglahúsum í gistirými með allt að 55 herbergjum og veitingasölu og reisa 20-30 skála sem verða á bilinu 15-25m² að stærð

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi er að finna á austurhluta skipulagssvæðisins sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar og hvað skilyrði séu sett til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlagu og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur